

BMF-2017-30 Skilti og merkingar á Breiðdalsvík

Sótt er um styrk til að bæta merkingar og uppsetningu skilta í Breiðdal og á Breiðdalsvík. Í umsókninni kemur ekki fram að haft hafi verið samráð við Breiðdalshrepp eða skipulagsnefnd sveitarfélagsins. Ljóst er að ekki verður ráðist í breytingar sem þessar nema með aðkomu beggja nefndra aðila og jafnframt stjórnvalda, t.d. Vegagerðarinnar, sem annast allar vegmerkingar og merkingar af hálfu annarra eru óheimilar. Hluti hugmyndanna sem fram koma í umsókninni snertir önnur sveitarfélög (Djúpavogshrepp, Fljótsdalshérað) og ekki verður sé að hægt sé að ráðast í þessa vinnu nema í samráði og með fullu samþykki viðkomandi sveitarfélaga. Hugmyndin sem slík er áhugaverð og fellur vel að uppbyggingu ferðaþjónustu. Veittur er byrjunarstyrkur til að hægt sé að hefja vinnu og samráð við þá aðila sem bera ábyrgð á merkingum og skipulag er varðar merkingar.

Verkefninu var úthlutað 150.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.